

V. aðalfundur Suðurlinda ohf

V. aðalfundur Suðurlinda ohf. haldinn að Hafnargötu 12a í Grindavík mánudaginn 18. mars 2013, kl. 17:00.

Mættir eru: Páll Jóhann Pálsson og Kristín María Birgisdóttir, Róbert Ragnarsson, Ásgeir Eiríksson, Inga Sigrún Atladóttir og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Dagskrá

1. Kjör fundarstjóra og ritara

Lögð fram tillaga um að Ásgeir Eiríksson stýri fundi og Róbert Ragnarsson riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2012

Páll Jóhann Pálsson formaður stjórnar gerði grein fyrir því að mjög takmörkuð starfsemi hafi verið í félagini ú árinu 2012 og vísaði að öðru leyti til skýrslu stjórnar fyrir starfsárin 2011 og 2012 sem lögð var fram á síðasta aðalfundi.

Fundarstjóri bar skýrsluna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur ársins 2012

Róbert Ragnarsson fór yfir ársreikning ársins 2012.

Á árinu 2012 voru gerð upp ógreidd stjórnarlaun fyrir árin 2009 og 2010 að fjárhæð 470.000 kr.

Fundarstjóri bar ársreikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

4. Breyting á rekstrarformi félagsins

Lögð er fram tillaga um að breyta formi félagsins úr opinberu hlutafélagi í einkahlutafélag. Suðurlindir ohf. verður þannig Suðurlindir ehf. Þetta er gert þar sem hægt er að slíta skuldlausu einkahlutafélagi með einfaldri tilkynningu meðan slit á opinberu hlutafélagi krefst þess að skipuð sé skilanefnd.

Fundurinn samþykkir að breyta félagini í einkahlutafélag og samþykkir nýjar samþykktir fyrir félagið. Samþykktirnar eru samhljóða fyrri samþykktum nema ehf. kemur í stað ohf.

5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna

Lögð er fram tillaga um eftirfarandi fulltrúa í stjórn Suðurlinda ehf.

Páll Jóhann Pálsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir til vara. Kristín María Birgisdóttir og Lovísa Hilmarsdóttir til vara fyrir Grindavíkurbae.

Gunnar Axel Axelsson og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir til vara. Rósa Guðbjartsdóttir og Valdimar Svavarsson til vara fyrir Hafnarfjarðarkaupstað Inga Sigrún Atladóttir Sveitarfélagini Vogum sem jafnframt er formaður og Oddur Ragnar Þórðarson til vara.

Kjörinn endurskoðandi er Ljósbrá Baldursdóttir, Pricewaterhouse Coopers.

- 6. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap og framlög í varasjóð**
Ákveðið var að færa tap ársins yfir á óráðstafað eigið fé.
- 7. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna**
Samþykkt að fyrirkomulag greiðslna verði óbreytt, þannig að viðkomandi sveitarfélag greiði nefndarlaun sinna fulltrúa.
- 8. Umræður um tilgang og framtíð félagsins**
Á síðasta aðalfundi lögðu fulltrúar Hafnarfjarðar og Grindavíkur til að féluginu verði slitið og stofnaður verði annar vettvangur til samráðs sveitarfélaganna. Afgreiðslu var frestað til þessa aðalfundar. Formið opinbert hlutafélag hentar á engan hátt sem samráðsvettvangur enda fylgir því formi stífar reglur um upplýsingagjöf til skattstjóra og ársreikningaskrár og ábyrgð stjórnarmanna. Í stað þess er lagt til að stofnaður verði samráðsvettvangur þar sem kæmu saman stjórnálamenn, framkvæmdastjórar og skipulagsfulltrúar sveitarfélaganna. Sá samráðsvettvangur getur annað hvort verið óformlegur eða stofnað verður félagasamtök með sama tilgang og tilgangur Suðurlinda ohf. er í dag

Fulltrúar Hafnarfjarðar og Grindavíkur leggja að nýju fram tillögu um að féluginu verði slitið í samræmi við samþykktir Suðurlinda ehf.

Tillagan er samþykkt með 66,6% atkvæða Hafnarfjarðar og Grindavíkur gegn 33,3% atkvæðum Sveitarfélagsins Voga.

Róbert Ragnarssyni prókúruhafa er falið að ganga frá slitögnum og skila til Ríkisskattstjóra. Jafnframt að ráðstafa eignum félagsins til eigenda í hlutfalli við eignarhluti.

Fulltrúar sveitarfélaganna lýsa yfir áhuga á því að standa áfram vörð um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna Grindavíkur, Hafnarfjarðar og Voga og íbúa þeirra m.a. varðandi skipulagsmál og náttúruauðlindir í landi sveitarfélaganna við Trölladyngju, Sandfell og Krýsuvík.

Aðalfundur leggur til að fyrir lok október ár hvert verði haldinn samráðsfundur bæjarstjórn sveitarfélaganna þriggja til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Bæjarstjóra Hafnarfjarðabæjar falið að boða til fyrsta samráðsfundar.

Fundi slitið kl. 18:00.

Mynd hefin alltaf óhr.

Hilfín María

Görunn Þórhildursdóttir

Bonni Þ. Þorvaldsdóttir

Hans Þ. Þorvaldsen

Hans Þ. Þorvaldsen